

Einföld skref að góðum árangri í lestri

- **Lesið á hverjum degi**
- **Lesið saman**
- **Gerið lesturinn skemmtilegan!**

Góð ráð til að hjálpa börnum við lesrarnámið

1. – 3. bekkur:

1. Notalegar lestrarstundir.

Rólegar samverustundir gefa tækifæri til að efla tengslin við barnið... og lesa. Láttu barnið heyra að lesturinn sé skemmtilegur. Hvettu barnið til að lesa aðra hverja blaðsíðu. Útskýrðu ný orð og hugmyndir í textanum.

2. Foreldrar sem fyrirmyndir.

Þegar börnin þín sjá þig lesa vilja þau gera eins og þú. Innan skamms læra þau að lesturinn er skemmtilegur, áhugaverður og „fullorðins“.

3. Almenningsbókasöfn eru heillandi heimur.

[Borgarbókasafnið](#) býður upp á margvíslegt efni og fjölbreytta dagskrá fyrir börn og fullorðna.

4. Leikir eru líka lærdómsríkir.

Spil, s.s. bingó, minnispil, rímleikir, orðaleikir eru skemmtilegar leiðir til að læra um orð, stafi, hljóð og lestur.

4. – 6. Bekkur

1. Haltu áfram að lesa með barninu.

Börn verða aldrei of gömul til að láta lesa fyrir sig – eða lesa fyrir þig. Lesið fjölbreytt lesefni – tímarit, dagblöð, bækur, ljóð og teiknimyndasögur.

2. Nýttu áhugasvið barnsins.

Börnum finnst meira gaman að lesa um eitthvað sem höfðar til þeirra, eins og um íþróttir eða handverk. Teiknimyndasögur, tímarit og myndskreyttar bækur eru líka lesefni. Allur lestur er af hinu góða, og áhugi á lesefni breytist með aldrinum.

3. Lestu stundum sömu bækur og barnið.

Fáðu tillögur að lesefni hjá bókasafninu eða kennara barnsins. Þið getið átt skemmtilegar samræður um persónur, sögur og efni.

4. Talaðu við barnið um það sem það les.

Spurðu um hvað bókin er, hvað sé skemmtilegast í henni og biðu barnið að segja þér frá henni.

10 leiðir til að gera lestrarnámið skemmtilegt

1. Bentu barninu á orð og setningar í umhverfinu – á umbúðum, skiltum, kortum, veggspjöldum og í bókum.
2. Leyfðu barninu sjálfu að velja bækur til að lesa.

3. Leitaðu eftir tímaritum sem barnið hefur gaman af.
4. Gerðu lesturinn spennandi – notaðu ólíkar raddir, búið til fingrabrúður og leiklestu þar sem við á.
5. Veldu leyniorð og gefðu barninu vísbendingar til að finna orðið. Veldu orð sem þú og barnið þekkið vel og tengist sameiginlegri reynslu ykkar.
6. Búðu til samstæðuspil – parið stafi og orð við myndir. Spilið borðspil þar sem þarf að búa til orð eða lesa orðaspjöld.
7. Gerðu eldhúsið að lestrarsvæði. Stafi með seglum má nota til að búa til orð og stuttar málsgreinar.
8. Hvettu fjölskyldu og vini til að gefa bækur sem gjafir.
9. Leikið minnisleik. Settu hluti á gólfið, leyfðu barninu að horfa á þá í eina mínútu og legðu eitthvað yfir. Láttu barnið nefna eins marga hluti og það getur.
10. Lesið fjölbreytt lesefni – sögur, ljóð, dagblaðgreinar, tímarit og teiknimyndasögur.